



Öldugata 45, samantekt og svör við athugasemdum.

Við Öldugötu 45 er fyrirhugað að byggja íbúðarkjarna með 6 íbúðum. Á lóðinni er innmældur háspennustofn er fer þvert í gegnum byggingarreitinn. Vegna þessa var óskað eftir að breyta legu hússins sem ætlað er að rísa við Öldugötu 45 vegna kvaða á lóð. Í breytingunni felst að fyrirhugað hús fer út fyrir byggingarreit að hluta.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 20. febrúar 2019 var tekið jákvætt í færslu á mannvirki og samþykkt að grenndarkynna erindið þegar fullnægjandi umsókn og teikningar bærust. Erindið var grenndarkynnt íbúum við Háukinn 2, 4, 6, 8 og Öldugöta 42 – 44, frá 22.05. - 19.06.2019. Athugasemdir bærust á auglýsingartíma og verður hér með brugðist við þeim.

Í bréfi dags. 15.6. sl. hefur íbúi við Háukinn áhyggjur af staðsetningu lagna, viðhaldi og viðgerðum á þeim komi til þess að byggt verði á þessu svæði. Í sama bréfi kemur fram að heppilegast væri að nýta svæðið áfram undir bílastæði líkt og gert hefur verið undanfarið. Skortur sé á bílastæðum innan hverfisins.

Hvað varðar staðsetningu lagna og viðhald á þeim er bænum fullljós staðsetning þeirra. Vegna þessa var farið á þá leið að færa fyrirhugaða byggingu líkt og kynnt var fyrir íbúum. Skv. gildandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 fellur umrætt svæði undir landnotkunina samfélagsþjónusta. Skv. gildandi deiliskipulagi Öldutúnsskóli samþykkt 13.01.2015, er gert ráð fyrir íbúðakjarna við Öldugötu 45. Með samþykki þess féll fyrra deiliskipulag úr gildi sem gerði ráð fyrir breytttri legu Öldugötu og að hluti umræddrar lóðar væri leikskólalóð. Nýting lóðarinnar hefur því aldrei verið undir bílastæði þótt íbúar hafi nýtt sér hana sem slíka undanfarin ár. Skipulagsyfirvöld bæjarins eru meðvituð um þann bílastæðaskort sem er í Kinnunum. Hluti vandans er sá mikli fjöldi bíla sem er á hverja einingu fyrir sig, í hverfi sem ekki ber þennan fjölda. Bílastæðamál hverfisins er í raun sér mál sem þarf að taka á með endurskoðun deiliskipulagsins Kinnar.

Í athugasemd er barst með tölvupósti frá íbúa við Öldugötu 44 var ekki gerð athugasemd við fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni. Hins vegar var óskað eftir að embættið enduskoðaði afstöðu sína til erindis sem því hafði borist og snýr að bílastæðamálum fyrir íbúa við Öldugötu 42-44. Verður þessum athugasemdum ekki svarað hér, enda er um annað erindi að ræða.

Lagt er til að skipulags- og byggingarráð samþykki framlagða umsögn og samþykki erindið með vísan til A-liðar 2.gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði.